

40 ára
1976-2016



Kiwaniis®

Kiwanisklúbburinn Básar

40 ára – 1976-2016



Forsíðumyndina tók Halldór Sveinbjörnsson af Básam í Skutulsfirði, sem klúbburinn dregur nafn sitt af.

Í fundargerð stofnfundar Bása, sem haldinn var á Hótel Mánakaffi 20. mars 1976 segir svo um nafn klúbbsins.

Þá hófst hinn raunverulegi stofnfundur Kiwanisklúbbs á Ísafirði, með því að Bernharð Guðmundsson óskaði eftir nafngift á klúbbinn og komu fram 9 tillögur um nafn, en lokaniðurstaða þessara tillagna varð sú, að nafnið BÁSAR var samþykkt einróma.

Básar eru kennileiti hér út á Kirkjubólshlíð, klettadrangar sem mynda nokkurs konar bása á milli sín og eru þeir allvel þekktir af bæjarbúum, fyrst og fremst sem útverðir bæjarfélagsins í tugi ára, eða allt þar til sameining Eyrarhrepps og Ísafjarðarbæjar fór fram í október 1971, en þá færðust bæjarmörkin út að Arnarnesi og Skarfaskeri.

En einnig eru Básar þekktir fyrir hin snörpu SA rok, sem koma stundum yfir okkur Ísfirðinga og eru þá kölluð Básaveður, þar sem þau koma með stefnu á okkur bæjarbúa frá Básunum.



Útgefandi – ábyrgðarmaður: Kiwanisklúbburinn Básar – Kristján G. Jóhannsson

Umbrot og prentun: Pixel ehf.

Kveðja frá umdæmisstjóra



Kæru Básafélagar

Það er mér sérstök ánægja að bera ykkur kveðjur Umdæmisstjórnar á 40 ára afmæli klúbbsins. Básar eru útvörður Kiwanis á Vestfjörðum og landfræðilega nokkuð langt frá öðrum klúbbum Umdæmisins, það hefur þó ekki dregið úr vilja klúbbfélaga til að taka þátt í starfi hreyfingarinnar á landsvísu og hefur umdæmið notið krafta Básafélaga í sínum störfum um langt skeið. Starf hvers Kiwanisklúbbs markast þó alltaf mikið af verkefnum heima fyrir og þar hafa Básafélagar staðið vaktina með sóma. Ekki má heldur gleyma þátttöku Básafélaga í Landsverkefnum svo sem Hjálmaverkefni og K-degi. Fyrir 40 árum var önnur staða og önnur verkefni en eru í dag en þó kannski ekki svo frábrugðið. Þörfin fyrir starf Kiwanisklúbba er enn mikil og svo mun verða áfram, því er það von mín að Kiwanisklúbburinn Básar megi styrkjast og eflast á komandi árum til gleði fyrir félagana og aukinna lífsgæða fyrir samfélagið.

Félagar í Kiwanisklúbbnum Básam, makar og aðrir velunnarar innilega til hamingju með 40 ára starf, megi ykkur farnast sem best.

Bestu Kiwaniskveðjur

Gunnsteinn Björnsson, umdæmisstjóri

3

Afmæliskveðja Svæðisstjóra Freyjusvæðis



Það er ánægjulegt að fá tækifæri til að fagna 40 ára afmæli Bása, en datt það ekki í hug þegar ég tók við embætti svæðisstjóra Freyjusvæðis að einmitt á því ári væru 40 ár frá stofnun Bása. Eldri félagar mínir í Kötlu sem var í Þórssvæði áður en Eddusvæði varð til mynnast oft skemmtilegra ferða sem farnar voru vestur til fundar við Bása og Þorfinnsfélaga, þóttu þessar ferðir eftirminnilegr.

Starf Bása hefur í gegnum árin veirð kraftmikið og farsælt, þó svo félagarnir hafi ekki alltaf vegna atvinnu sinnar getað sótt fundi og innt af hendi það starf sem þeir annars hefðu kosið. Sjálfum er mér eftirminnilegt undæmisþingið 2006 á Ísafirði hve vel var að því staðið af Básafélögum bæði gagnvart þingfulltrúum og mökum.

Að lokum óska ég ykkur velfarnaðar á komandi árum.

Ólafur Sveinsson, svæðisstjóri

Afmæliskveðja frá Ísafjarðarbæ



Það er mér sönn ánægja að flytja Kiwanisklúbbnum Básam heillaóskir fyrir hönd Ísafjarðarbæjar á 40 ára afmæli klúbbsins. Kiwanisfélagar hafa sannarlega lagt samfélaginu gott til og fagnaðarefni að minnast þess þegar félag var stofnað hér.

Kiwanishreyfingin eru samtök sjálfboðaliða um veröld alla og helga sig því að bæta heiminn, barn af barni og samfélag fyrir samfélag. Upphaflegu samtökin voru stofnuð 1915 og eru því 101 árs gömul, eða 20 árum eldri en skíðavikan okkar.

Félagar í Kiwanisklúbbnum Básam hafa mjög látið sig varða góðgerðarmál af ýmsu tagi. Á heimsvísu vinnur Kiwanishreyfingin með sérstaka áherslu á hag barna, en Kiwanisklúbburinn Básar hefur komið að góðgerðamálum af flestu tagi. Þannig hafa félagsmenn í Básam staðið fyrir nýársfagnaði eldri borgara, jólaskemmtunum ungmenna og söfnunum af ýmsu tagi – svo eitthvað sé nefnt. Kiwanisklúbburinn hefur m.a. fært Heilbrigðisstofnuninni tækjabúnað, gefið börnum hlífðarhjálmum til útivistar og tyrft og lagfært leikvelli. Að auki er vert að minnast á K-lykillinn sem seldur er til styrktar geðsjúkum.

Kiwanisfélagar hafa sett lit á tilveruna þegar safnað hefur verið fé með sviðaveislum og sjávarréttakvöldum sem allir hafa verið velkomnir á. Samfélagið okkar er ríkara fyrir ötult starf Kiwanisklúbbsins Bása, megi félaginu vel farnast og lengi.


Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri

*Ísafjarðarbær óskar
Kiwanisklúbbnum Básam
tíð hamingju með stórafmælið.*



ÍSAFJARÐARBÆR

Ávarp forseta Bása



Kiwanisklúbburinn Bási var stofnaður fyrir fjörutíu árum síðan af tuttugu Ísfirðingum. Ekki er víst að þá hafi órað fyrir því að klúbburinn næði þessum aldri og engan bilbug á honum að finna. Við Básafélagar lítum björtum augum á framtíðina og sjáum fyrir okkur mörg góð ár framundan í starfi klúbbsins.

Fyrir allmörgum árum var vinnufélagi minn alltaf að hvetja mig til að koma á fund hjá Básunum, en ég var nú ekki alvega á því að bíta á agnið. Einn daginn sagði hann að það væri fundur klukkan átta í kvöld, þú kemur bara eins og þú ert, ég sæk þig klukkan korter fyrir átta. Eftir þetta fór ég að kynna mér starfsemi klúbbsins og markmið Kiwanishreyfingarinnar og sá að þetta ætti vel við mig. Ég lét slag standa og gekk til liðs við Bása og sé ekki eftir því í dag.

Félagar í Kiwanisklúbbum Básunum hafa frá upphafi unnið mikið og gott starf, ávallt verið tilbúnir að leggja mikið á sig í þágu Kiwanishreyfingarinnar og klúbbsins. Með mikilli elju og dugnaði hafa þeir komið upp eigin fundaraðstöðu, sem við félagar njótum góðs af í dag.

Básafélagar, ég óska ykkur innilega til hamingju með afmælið og velfarnaðar á komandi árum.

Markmið Kiwanis ; Börnin fyrst og fremst.

Guðbjartur B. Jónsson, forseti Bása

5

SMIDJAN

Smíðjan hefur mikið og gott úrval af verkfærum, slípivörum, borum og mörgu öðru fyrir málmiðnaðinn.

Smíðjan - Sindragata 12 - 400 Ísafjörður - S 456 1300
www.velsmidjan.is - smidjan@velsmidjan.is



Hvað er Kiwanis?

Kiwanis er alþjóðleg þjónustuhreyfing manna og kvenna, sem hafa áhuga á að taka virkan þátt í að bæta samfélagið, og láta gott af sér leiða. Í samstarfi fá þessir aðilar áorkað því sem einstaklingar geta ekki einir. Frjálst samstarf gerir þeim kleift að vinna að alþjóðlegum verkefnum innan hinnar alþjóðlegru hreyfingar.

Fyrsti Kiwanisklúbburinn í heiminu var stofnaður í Detroit í Bandaríkjunum árið 1915, en hreyfingin nam land á Íslandi árið 1964 með stofnun Kiwanisklúbbsins Heklu í Reykjavík.

Í Kiwanisumdæminu Ísland –Færeyjar eru alls 35 klúbbar þar af 32 hér á landi.

- Kiwanishreyfingin er þjónustuhreyfing en ekki afþreyingarfélag. Þó geta menn eignast þar góða vini í samvinnu við aðra Kiwanisfélaga um ýmis þjóðþrifa- og framfaramál í hinum sanna Kiwanisanda.
- Kiwanisfélagar starfa fyrir opnum tjöldum enda er hér ekki um leynilegan félagsskap að ræða. Kiwanisfélagar vilja einmitt gjarnan vekja athygli á störfum sínum til þess að afla sér stuðnings í þjónustustarfi sínu.
- Hver klúbbur reynir að þjóna sem best því samfélagi, sem hann starfar í. Kiwanishreyfingin skyldar hvorki klúbba né einstaka félaga þeirra til að taka þátt í neinni sérstakri starfsemi.

- Kiwanishreyfingin leggur áherslu á mann-gildi og eflingu félagskenndar meðal félaganna.

Nafnið “Kiwanis er tekið úr máli indíána-þjóðflokks sem eitt sinn byggði það svæði þar sem Kiwanishreyfingin var stofnuð. Upprunalega hljómaði þetta sem “Nunc Keewanis” í þeirra munni og þýðir nánast „sjálfstjórning”. Þetta var stytt í “Kiwanis”.

Markmið Kiwanishreyfingarinnar:

- Að láta andleg og mannleg verðmæti skipa æðri sess, en verðmæti af veraldlegum toga spunnin.
- Stuðla ber að því að dagleg breytni manna á meðal byggist á hinni gullvægu reglu: „Eins og þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra”.
- Að beita sér fyrir bættum viðskiptaháttum, starfsháttum og félagslegri hegðun.
- Að efla borgaralegar dyggðir með góðu fordæmi.
- Að skapa, með stofnun Kiwanisklúbba, leiðir til þess að menn geti bundist varanlegum vináttuböndum og ósérhlífir innt af höndum þjónustustörf og stuðlað að betra samfélagi.

Að vinna saman að mótun og eflingu heilbrigðs almenningsálits og göfugrar hugsjónastefnu, sem er undirstaða aukinnar ráðvændi, bættrar stundvísi, vaxandi þjóðrækni og bræðralags.

*Orkubú Vestfjarða óskar
Kiwanisklúbbum Básum
tíl hamingju með stórafmælið.*



Orkubú Vestfjarða



Stiklað á stóru í sögu Kiwanisklúbbsins Bása

Það var um miðjan janúar árið 1976, sem nokkrum Ísfirðingum barst í hendur bréf, þar sem þeim var boðið til kynningarfundar um Kiwanishreyfinguna á Íslandi, að Hótel Mánakaffi hinn 25. janúar. Allmargir boðaðir mættu á þennan fund og voru þar fyrir vaskir áhuga- og áhrifamenn innan hreyfingarinnar, þeir Ólafur Kristinsson frá Kiwanisklúbbum Esju í Reykjavík, Guðmundur Óli Guðmundsson og Sveinn Guðbjartsson frá Kiwanisklúbbum Eldborgu í Hafnarfirði. Áhrif þessa fundar urðu þau að hjólin fóru að snúast og smátt og smátt myndaðist kjarni, sem var nógu stór til að hægt væri að stofna nýjan klúbb.

Stofnfundur haldinn á Hótel Mánakaffi

Laugardaginn 20. mars 1976 var settur fundur á Hótel Mánakaffi og skyldi hann vera upphafið að stofnun Kiwanisklúbbs og voru mættir 17 væntanlegir meðlimir, en auk þess voru þrír, sem komust ekki til fundarins. Á þessum stofnfundi voru gestir frá klúbbunum Esju og Eldborgu og eru þeir móðurklúbbar. Leitað var eftir nafni á klúbbinn og komu fram níu tillögur, en að lokum féllust allir fundarmenn á nafnið Básar. Það er dregið af klettadröngum á Kirkjubólshlíð handan og utan við eyrina í Skutulsfirði. Klúbburinn var samþykktur af Kiwanis International Europe þann 31. mars 1976 og er það skráður afmælisdagur klúbbsins.

Fyrsti forseti klúbbsins, Sturla Halldórsson, rifjaði þessi fyrstu spor upp á 15 ára afmæli Bása og segir þar m.a.

Ég var mjög tvístígandi, þegar ég fékk boð um að koma á kynningarfund í janúar 1976, til að hlusta á „sunnanmenn“ með kynningu á Kiwanishreyfingunni og starfi hennar hér á landi.

Sembetur fór sté ég þá mینگæfuspor, ég fór á fundinn og hreifst strax af þessari hreyfingu og hét því að veita henni mitt brautargengi og starfa fyrir hana eftir bestu getu. Þarna hófst saga mín í Kiwanishreyfingunni og með stofnun Kiwanisklúbbsins Bása hófst starfið að fullu og væri hægt að skrá langa sögu af starfi okkar þau 15 ár, sem við höfum starfað. (Afmælisblað Bása, 1991)

Innsetningarvígslan fór síðan fram 28. maí í Félagsheimilinu í Hnífsdal og var þar mikið fjölmenni bæði af heimamönnum og gestum að sunnan, skrifuðu allir gestir á nöfn sín á kálfsskinn, sem varðveitt er í húsi klúbbsins og eru þar 144 nöfn. Fyrsta verkefni klúbbsins var að bjóða eldri borgurum á Ísafirði til dagsferðar inn í Djúp um sumarið og tóku 80 manns þátt í ferðinni „í góðu veðri, með góðan hómor“ eins og segir í annál klúbbsins á tíu ára afmælinu.



Ferð með eldri borgara um Ísafjarðardjúp á gamla Fagranesinu.

Nýársfagnaður eldri borgara fastur punktur

Básafélagar héldu 2. janúar 1977 nýársfagnað fyrir eldri borgara í Félagsheimilinu í Hnífsdal og var það upphafið að samfelldri sögu því enn er þetta einn af föstu liðunum í starfsemi klúbbsins. Fyrstu árin var hann haldinn í Félagsheimilinu í Hnífsdal, en eftir að Hlíf, íbúðir aldraðra, á Torfnesi voru reistar hefur hann verið þar á fyrsta sunnudegi eftir nýársdag á hverju ári. Ávallt hefur okkur Básafélögum verið tekið vel á þeim bæ.



■ Nýársfagnaður eldri borgara á Hlíf.



■ Básafélagar stóðu í mörg ár fyrir sundmóti unglinga í samstarfi við Sundfélagið Vestra.

Á bernskuárum klúbbsins voru helstu fjáraflanir klúbbsins kökubasar, jólakortasala, jólasveinasprell, vinna við rækjuvinnslu, útskipun á fiski og

harðfiskverkun. Því sem aflaðist var varið til ýmissa styrktarverkefna í bænum og þar var m.a. um að ræða, tækjabúnað og innréttingu í sjúkrabílinn, hjartatæki, sem gefið var Ísafjarðardeild Rauða krossins og um margra ára skeið stóð klúbburinn fyrir sundmóti unglinga í samstarfi við Sundfélagið Vestra.

Gamla skólahúsið á Skeiði

Hótel Mánakaffi, sá frægi staður, var fyrsti fundarstaður klúbbsins, en síðar voru fundirnir haldnir í Félagsheimilinu í Hnífsdal um nokkurt skeið. Eftir fjögurra ára starf var komið að því að klúbburinn fengi sinn samastað er gamla skólahúsið á Skeiði fékkst til afnota og leigu til tíu ára. Húsið var í mikilli niðurníðslu en með samstilltu átaki félaganna var því komið í ásættanlegt horf og þar var góð fundaraðstaða fyrir klúbbinn. Nokkrum árum síðar keypti klúbburinn húsið af bæjarfélaginu og í framhaldinu voru gerðar verulegar endurbætur á því.



■ Sturla Halldórsson, fyrsti forseti Bása tekur til hendinni við Kiwanishúsið á Skeiði

Árið 2001 á 25 ára afmæli klúbbsins festi hann kaup á húsi Slysavarnarfélagsins við Úlfsárósa og gamla húsið var selt. Verulegar breytingar voru strax gerðar innanhúss og hentar húsið vel fyrir starfsemi klúbbsins og tekur nú hátt í 100 manns í sæti.




■ Gestir taka hressilega til matar síns í sviðaveislu Bása.

Á tímabili voru þrír Kiwanisklúbbar á Vestfjörðum, Básar Ísafirði, Þorfinnur á Flateyri og Ernir í Bolungarvík. Fyrir allmörgum árum sameinaðist Þorfinnur Básam.

Undanfarin ár hafa helstu fjáröflunarverkefni klúbbsins verið sviðaveislan „Lömbin þagna“ á haustin og sjávarréttaveisla á vorin. Hafa þær fest sig í sessi og verið vel sóttar af bæjarbúum og tekist í alla staði vel. Önnur árviss verkefni klúbbsins eru m.a. nýársfagnaður eldri


borgara, sem haldinn hefur verið á Hlíf og afhending reiðhjólaljálma til fyrstu bekkinga í grunnskóla í samstarfi við Kiwanisumdæmið og Eimskip. Landsverkefni Kiwanisumdæmisins, K-lykillinn er yfirleitt haldið á þriggja ára fresti og verður einmitt í október á þessu ári.

Básafélagar líta björtum augum til framtíðarinnar og hefja fimmta áratuginn með þá von í brjósti að starfsemi klúbbsins verði áfram samfélaginu hér til góðs.



Margt breyst í 40 ára sögu klúbbsins

Fljótlega eftir að ég flutti til Ísafjarðar var komið að máli við mig og mér boðið að taka þátt í stofnun fyrirhugaðs Kiwanisklúbbs. Ég var ekki í neinu sérstöku félagsstarfi og fannst þetta kjörið tækifæri til að kynnast fólki og jafnframt að vinna að einhverjum málefnum sem kæmu sér vel fyrir samfélagið. Á fyrstu árum klúbbsins urðu tíð mannaskipti í honum. Margir félaganna voru ungir fjölskyldumenn sem vildu kynna sér starfsemi klúbbsins en ýmislegt varð til þess að þeir ílengdust þar ekki.



Sveinbjörn Björnsson
stofnfélagi í Kiwanis-
klúbbum Básam.

10 Í upphafi var ákveðið að leggja áherslu á málefni eldri borgara. Í nokkur sumur var þeim boðið í dagsferð um nágrennið þar sem ýmist var farið með einkabílum eða rútu. Ég man m.a. eftir ferðum inn í Djúp, á Þingeyri og Ingjaldssand. Eitt sumarið fengum við Fagranesið í siglingu um Djúpið. Þá buðum við eldri borgurum til jólafagnaðar sem jafnframt var fjölskylduskemmtun Kiwanismanna. Þessar skemmtanir voru haldnar í Félagsheimilinu í Hnífsdal. Fljótlega eftir að aðstaða til samkomuhalds var komin upp á Hlíf fluttum við jólafagnað eldri borgaranna þangað og fjölskylduskemmtunina í húsið okkar á Skeiði.

Börnin fyrst og fremst hefur lengi verið kjörorð Kiwanismanna. Í nokkur ár fórum við í fjölskylduferðir m. a. útilegur þar sem áhersla var lögð á samveru með börnunum. Lengi styrktum við sundmót barna og nú tökum við þátt í að gefa sex ára börnum hjólahjálma.

Í fjórtíu ára sögu klúbbsins hefur margt breyst. Á tímabili fækkaði í klúbbum og hann átti undir högg að sækja þar sem innkoma nýrra félaga var í lágmarki. En nokkur undanfarin ár hefur fjölgað hjá okkur aftur þar sem duglegir og kraftmiklir menn og konur hafa komið til starfa svo framtíð klúbbsins er björt.

*Tryggingamiðstöðin óskar
Kiwanisklúbbum Básam
tíð hamingju með stórafmælið.*



Tilhlökkun og fiðringur þegar hjálmaafhendingin nálgast

Kæru Kiwanisfélagar

Það er stórum áfanga náð þegar haldið er upp á 40 ára afmæli Bása miðað við að Kiwanishreyfingin er ekki nema 53 ára á Íslandi.



Gunnlaugur
Gunnlaugsson fráfaraði
umdæmisstjóri

Undirritaður hefur verið félagi í Kiwanis í 47 ár og notið þess tíma vel.

Ég byrjaði í Keflavík í Kiwanisklúbbnum Keili, þá flutti ég í Garðinn og gekk til liðs við Kiwanisklúbbinn Hof. Þegar ég fluttist til Ísafjarðar var það engin spurning að ganga til liðs við Kiwanisklúbbin Bás og þar hef ég verið síðan.

Það er alltaf gott að geta látið gott af sér leiða, það sem mér finnst standa mest upp úr í því sem Kiwanis hefur gert er að afhenda öllum börnum í fyrsta bekk Grunnskólanna reiðhjólajálma. Það er ógleymanlegt að sjá svipinn á börnunum þegar þau fá hjálmana og ekki síður að í nokkra daga á eftir þegar þau rekast á mann á götum bæjarins segja þau þarna er hjálmakallinn.



Gunnlaugur Gunnlaugsson þáverandi umdæmisstjóri afhendir hjólreiðajálma í skóla í Reykjavík.

Á síðasta ári var ég umdæmisstjóri yfir umdæminu Ísland – Færeyjar, kom þá upp sú staða að sá félagi sem ætlaði að sjá um hjálmana forfallaðist þannig að það féll í minn hlut að bjarga málunum. Fékk ég þá ómetanlega hjálp frá Kristjönu konuni minni og í sameiningu sáum við um að senda í alla skóla á landinu.

Í það sinn voru afhentir tæplega fimm þúsund hjálmar og ég hef frétt að það verði svipað magn á þessu ári.

Þetta er mikil vinna en þegar svona verkefni er í gangi gleymir maður öllu amstri. Þegar ég og umdæmisritarinn minn Kristján G. Jóhannsson fórum í nokkra skóla í Reykjavík og afhentum hjálmana, skein gleðin úr augum allra barna.

Það er því alltaf tilhlökkun og fiðringur sem fer um mann þegar sumardagurinn fyrsti nálgast því þá er tími hjálmaafhendingar í nánd. Ég hef átt því láni að fagna að afhenda börnum hjálma á Hólmavík, Drangnesi, Súðavík, Suðureyri, Þingeyri, Flateyri og hér á Ísafirði.

Eins og ég sagði er þetta stór áfangi hjá Básunum og vona ég að í framtíðinni getum við látið gott af okkur leiða eins og hingað til.

Vil ég að endingu óska félögum mínum til hamingju með afmælið.

Stjórn Kiwanisklúbbsins Bása 2015-2016

Forseti: Guðbjartur B. Jónsson

Kjörforseti: Gunnlaugur Gunnlaugsson

Fráfarandi forseti: Kristján Andri Guðjónsson

Ritari: Kristjana Sigurðardóttir

Féhirðir: Gunnlaugur Finnbogason

Meðstjórnandi: Marinó F. Arnórsson

Meðstjórnandi: Arnar Kristjánsson

Félagar í Kiwanisklúbbum Básum

Arnar Kristjánsson

Grímur Finnbogason

Guðbjartur B. Jónsson

Guðmundur B. Hagalínsson

Gunnar Veturliðason

Gunnlaugur Á. Finnbogason

Gunnlaugur Gunnlaugsson

Hákon Ingimundarson

Hjalti Þórðarson

Kristjana Sigurðardóttir

Kristján Andri Guðjónsson

Kristján G. Jóhannsson

Kristján H. Lyngmó

Marinó Arnórsson

Sigurður Bjarki Guðbjartsson

Sigurður R. Guðmundsson

Sigurður Ólafsson

Sophus Magnússon

Sveinbjörn Björnsson

Básafélagar sem setið hafa í stjórn Kiwanisumdæmisins Ísland – Færeyjar

Árni Sædal Geirsson svæðisstjóri Þórssvæðis 1991-1992

Guðmundur B. Hagalínsson svæðisstjóri Þórssvæðis 1993-1994

Kristján R. Finnbogason svæðisstjóri Þórssvæðis 1999-2000

Gunnlaugur Gunnlaugsson svæðisstjóri Þórssvæðis 2007-2008, kjörumdæmisstjóri
2013-2014, umdæmisstjóri 2014-2015 og fráfarandi umdæmisstjóri 2015-2016

Kristján G. Jóhannsson umdæmisritari 2014-2015

Lítil saga af hjálmaafhendingu

Hjón frá Akranesi komu að máli við Gunnlaug umdæmisstjóra, en þau eru nýflutt til landsins og tók sonur þeirra eftir því í Grundarskóla hvað krakkarnir voru með fína reiðhjólajálma. Sagði félagi hans honum frá því að allir í fyrsta bekk hefðu fengið svona hjálma frá Kiwanis.

Þegar Gunnlaugur var búinn að tala við foreldrana sagði hann að þar sem þau væru nýkomin til Íslands aftur og að sonur þeirra hefði ekki fengið hjálm væri það heiður fyrir Kiwanishreyfinguna að afhenda honum hjálm. Gunnlaugur lagði af stað suður þriðjudaginn 22. september gisti í sínum húsbíl í Borgarnesi og lagði síðan af stað um

klukkan níu á miðvikudagsmorgun og hringdi síðan í móðir drengsins þegar komið var á Akranes og afhenti ég þeim hjálm.

Fjölskyldan vill koma á framfæri þakklæti og bestu kveðjum til Kiwanishreyfingarinnar.

Dallas hafði áhrif

Fyrstu árin voru fundir Kiwanisklúbbsins Bása á miðvikudögum. Þau vandkvæði komu síðan upp að hinn vinsæli sjónvarpsþáttur um olíuauðkýfinga í Dallas var sýndur á sömu dögum. Varð það til þess að samþykkt var að færa fundina yfir á fimmtudaga, sem auk þess voru sjónvarpslausir á þeim árum. Fyrir nokkrum árum voru þeir síðan fluttir aftur yfir á miðvikudaga.



13

Harðfiskverkun Finnboga



Þessi gamli góði
Hjallpurrrkaður í ferskum
vestfirskum vetrarvindi
Engin aukaefni

Ísafirði

Sindragata 9
Sími: 456-3250

Fréttir frá K-dagsnefnd

Nefndina skipa

Gylfi Ingvarsson úr Hraunborg formaður - Líney Björgvinsdóttir úr Vörðu ritari - Eiður Ævarsson úr Keili - Sigurður Svavarsson úr Höfða.

Margir fundir hafa verið haldnir og er undirbúningur kominn á fullt og búið er að taka eftirfarandi ákvarðanir.

- K-dagur 2016 mun verða 3. til og með 10. okt.
- Styrktarverkefni verða geðverndarmál með sérstakri áherslu á BUGL, sem er barna og unglingageðdeildin, og unnið er að ákveðnu verkefni þar (t.d. var síðast styrkt Vestfjarðarbrúin sem var sérstakt verkefni á Vestfjörðum með aðalstöð á Ísafirði).
- Hugarafl, sem er með sérverkefni til að sporna við sjálfsvígum og verður unnið að Írskri fyrirmynd sem er að skila einstökum árangri og verið er að taka upp í fleiri löndum.
- Unnið verður áfram að útfærslu á verkefninu.
- Svar við beiðni um fjársöfnum er komin frá opinberum aðilum.
- Samstarfsaðili við fjölmiðlun verður nú eins og síðast Margmiðlun og er verið að vinna að nýrri talsetningu í video myndina sem gerð var síðast og vakti mikla athygli.

Allar ábendingar eru vel þegnar og við þurfum öflugra styrktaraðila og þar eiga allir sem hafa sambönd að nýta þau og láta okkur vita því við gerum þetta saman.

Það er mikil þörf fyrir okkur í íslensku samfélagi og það er undir okkur komið að ná fram frábærum árangri, til svo verði þá þurfum við öll að leggjast á eitt og kalla alla þá til sem geta veitt okkur lið.

Lýkill að lífi



Básar veitir styrki í tilefni afmælisins

Í tilefni 40 ára afmælis Bása veitti klúbburinn styrki samtals að upphæð 1 milljón króna til ýmissa aðila á svæðinu. Þeir voru afhentir við hátíðlega athöfn á afmælisdegi klúbbsins 31. mars sl.

Þeir aðilar sem fengu styrki voru:

Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar, Tónlistarskóli Ísafjarðar, Fjölskyldumiðstöð Ísafjarðar, Grunnskóli Ísafjarðar, Ísafjarðarkirkja, Krabbameinsfélagið Sigurvon, Leikskólarnir Eyrarskjól, Sólborg, Tjarnarbær á Suðureyri, Grænigarður á Flateyri og Laufás á Þingeyri.

Flestir styrkirnar taka mið af kjörorði Kiwanis, sem er **Börnin fyrst og fremst**.



Forseti Bása, Guðbjartur Jónsson og Sigurður Ólafsson félagi í Básam ásamt styrkþegum.



Sigurður Ólafsson félagi í Básam afhendir Ingunni Sturludóttur styrk til Tónlistarskóla Ísafjarðar. Forseti Bása, Guðbjartur B. Jónsson t.h.

Við óskum Kiwanisklúbbum Básam til hamingju með afmælið

Málningarbúðin
Síndagata 14 400 Ísafirði
Sími: 456 4550

Kjarnasögun ehf.

RÖR ÁS EHF

Bílasmiðja SGB ehf
Seljalandsvegi 86
s. 571 3413

BÍLAVERIÐ ehf

PRYMUR HF.
– Vélsmiðja

**FISKBÚÐ
SJÁVARFANGS**



Flugalda ehf

Kampi EHF



Súðavíkurhreppur

FishTec sf

**BOREA
ADVENTURES**



**GÁMAÞJÓNUSTA
VESTFJARÐA EHF.**
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ



SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR



GÖK HÚSMÍÐI EHF



**Vestfirskar
Ævintýraferðir**

Hóferðabílar af öllum stærðum
Sími: 456 - 5528 • Farsími: 895-6356 • www.vestfirskadventura.is • info@vestfirskadventura.is



JÓN & GUNNA
Austurvegi 2 Ísafirði sími 456 3464

ISBLIKK
BLIKKSMÍÐJA ehf

ÍSLANDSSAGA

SJÓVÁ

LYFJA
- Lífið heil

F.O.S. Vest.

Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum

Við óskum Kiwanisklúbbnum Básum til hamingju með afmælið



Auglýsing SRG múrun

*Óskum Kiwanisklúbbnum Básum
til hamingju með stórafmælið.*

SRG-Múrun, Ísafirði

25 örugg ráð til að drepa niður góðar hugmyndir

1. Við höfum nú þegar reynt þetta áður í klúbbum
2. Þetta er of dýrt
3. Þetta er utan míns verkahringis að annast
4. Það er enginn tími til þess
5. Þetta er alltof róttækt
6. Klúbburinn er of lítill og máttvana
7. Svæðisstjórnin snýst áreiðanlega öndverð gegn þessu
8. Þetta stangast á við starfshætti klúbbsins
9. Við höfum ekki vald til að breyta þessu
10. Við skulum nú halda okkur við jörðina
11. Því að vera að breyta, þetta gengur jú eins og það er
12. Þú ert auðsýnilega tveimur árum á undan tímanum
13. Þetta er ekki í fjárhagsáætlun
14. Það er erfitt að kenna gömlum hundi að sitja
15. Ekki svo slæm hugmynd, en óframkvæmanleg
16. Stjórn klúbbsins samþykkir þetta aldrei
17. Er ekki rétt að taka saman skýrslu um þetta
18. Það verður hlegið að okkur.
19. Farðu nú ekki að tala um þetta aftur
20. Er ekki rétt að setja nefnd í málið
21. Hafa ekki aðrir klúbbar reynt þetta áður
22. Almenníngi fellur þetta áreiðanlega ekki
23. Þetta getur kannski gengið í öðrum löndum en ekki hér
24. Eigum við ekki að kanna þetta hjá öðrum áður en lengra er haldið
25. Þetta gæti kannski gengið í fjölmenninu í Reykjavík, en ekki hér

Myndir úr starfi Bása



Jólafundur í gamla húsinu á Skeiði



Klúbbfundur í gamla húsinu á Skeiði, tertur á borðum



Nokkrir Básafélagar kasta mæðinni eftir vinnu við gamla húsið á Skeiði



Básafélagar á umdæmisþingi í Vestmannaeyjum árið 2015



Sjávarréttaveisla Básafélaga er orðinn árviss atburður og vel sóttur



Nýársfagnaður eldri borgara á Hlífi í janúar 2016



*Básafélagar styrktu hina fræknu sundkonu Kristínu Þorsteinsdóttur til ferðar á Evrópumót 2015.
F.v. Guðmundur B. Hagalínsson,
Guðbjartur B. Jónsson og Kristín*



Kristján Andri Guðjónsson, fráfarandi forseti og Gunnlaugur Gunnlaugsson, fráfarandi umdæmisstjóri að undirbúa sviðaveislu Bása haustið 2015



Kiwaniis®